

09-510-2018 06 0039

Akureyri

01.06.2018

Erindi: Lundargata 13, Akureyri



Meðfylgjandi er svar Minjastofnunar við erindi eiganda hússins þar sem óskað er eftir álitni sérfræðinga stofnunarinnar við fyrirspurn um möguleika á stækkun viðbyggingar til vesturs, auk ýmissa þátta varðandi frágang á ytra byrði hússins. Vísað er til „aðaluppdrátta“ frá Kollgátu. Það er nú ekki alls kostar rétt, heldur var um að ræða fyrstu drög að breytingum og lagfæringum á húsinu.

Síðar hefur komið í ljós að húsið er verr farið en talið var og bæði eru burðargrind veggja og þaks auk ástand á steiptum sökklum þannig að ekki er talið ásættanlegt að halda í þessa húshluta við uppbyggingu á nýju húsi. Húseigandi hefur í þessu ferli verið í góðu sambandi við Rúnar Leifsson hjá Minjastofnun og einnig fengið Stefán Jóhannesson húsasmíðameistara og Adam Traustason byggingarverkfræðing til að skoða húsið og möguleika við uppbyggingu.

Í framhaldi af þessu hefur eigandi óskað eftir því að Minjastofnun veiti umsögn um meðfylgjandi aðaluppdrætti frá teiknistofunni Kollgátu þar sem gert er ráð fyrir að húsið verði fjarlæggt að öllu leyti. Nýjir sökklar verði steiptir undir húsið og nýtt hús byggt í sömu mynd og áður var ofangreindum skv. teikningum. Nýtt burðarvirki útveggja og þaks verður reist skv. teikningum og allir gluggar, hurðir, klæðningar og lagnir verða endurnýjaðar.

Haldið verður að fullu í þær kröfur um útlitþætti sem Minjastofnun nefnir sérstaklega í fyrria álitni sínu frá 25.apríl 2018, þ.e. ytri klæðningu, glugga, þakbrúnir, dyr o.fl.

Reynt verður að halda í alla þá burðarviði í upprunalegu húsi sem nýtanlegir eru og þeir nýttir sem sýnilegar stoðir í timburstiga milli hæða, mögulega í sýnilega þakbita og/eða gólfbita eftir því sem mögulegt er. Hæðir hússins breytast lítillega til þess að ná meiri einangrun í þak og til þess að lofthæð í kjallara verði nýtileg fyrir inntök, geymslur og þvottahús. Húsið mun ekki rísa hærra en núverandi hús við norðurhlið og suðurhlið.

Fyrir hönd Kollgátu ehf.

---

Ingólfur F. Guðmundsson